

# Reglur Heimavistar Menntaskólans á Egilsstöðum

1. Yfirstjórn heimavistar er í höndum skólameistara. Dagleg stjórn heimavistar er í höndum umsjónarmanns heimavistar sem er fulltrúi skólameistara en umsjón með og ábyrgð á að reglum sé fylgt hvílir á hverjum einstökum íbúa heimavistar.
2. Heimavistarbúar kjósa 5 manna vistarráð og fimm varamenn, skal það kosið innan tveggja vikna frá upphafi haustannar á almennum vistarfundum. Fráfarandi vistarráð situr fram að kosningum. Leitast skal við að meðlimir vistarráðs hafi sem fjölbreyttastan bakgrunn.
3. Skólameistari fer með dómsvald í málum er rísa vegna brota á heimavistarreglum. Dómum skólameistara má vísa til heimavistarráðs.
4. Almennan fund vistarbúa skal boða með sólarhrings fyrirvara með auglýsingum í húsum heimavistar. Einfaldur meirihluti ræður á fundum.
5. Reglur heimavistar skal endurskoða árlega en breytingar taka aðeins gildi að fenginni staðfestingu skólaráðs. Til að breytingatillögur verði bornar undir skólaráð þarf einfaldur meirihluti á löglega boðuðum fundi að samþykkja þær.
6. Heimavistin er heimili þeirra sem þar búa. Heimilismenn skoðast sem leigjendur að tilteknu húsnæði, réttindi þeirra og skyldur byggjast á leigusamningi og miðast við gildandi lög og reglur vistarinnar.
7. Vinnufriður skal ávallt vera á heimavistinni, jafnt á herbergjum sem á göngum. Frá kl. 24:00 til 7:00 dag hvern skal vera algert næði á vistinni. Næði skal auk þess vera til kl. 12:00 á sunnudögum og öðrum frídögum. Á námsmatsdögum skal vera góður vinnufriður allan sólarhringinn í húsum heimavistar.
8. Meðferð raflykla nemenda er á þeirra ábyrgð og óheimilt er að hleypa inn gestum eftir lokun heimavistar á virkum dögum. Gestir sem nemendur hleypa inn með raflykli um helgar eru á þeirra ábyrgð og ef þeir gerast brotlegir við heimavistarreglur þá getur viðkomandi nemandi misst raflykil sinn tímabundið.
9. Öll meðferð áfengra drykkja og annarra vímuvaldandi efna er bönnuð í húsum heimavistar og varðar brottvikningu er út af er brugðið. Þá er nemandi óheimilt að dvelja á heimavistinni undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Skólinn stendur fyrir reglubundnum og fyrirbyggjandi aðgerðum, svo sem utanaðkomandi eftirliti af hálfu lögreglu.
10. Reykingar, veip og önnur tóbaksnotkun er bönnuð með landslögum í öllu vistarhúsnæði ME og á lóð skólans.
11. Vistarbúar skulu ganga vel um hús, lóð og allt umhverfi. Herbergjum sínum skulu þeir halda hreinum og snyrtilegum. Bannað er að ganga á útiskóm um heimavistina og rusl á heima í ruslafötum. Umsjónarmaður í samvinnu við heimavistarráð lítur eftir því að þessu sé framfylgt.
12. Skemmdir á húsum eða munum skal tilkynna umsjónarmanni og ber að bæta þær að fullu. Skemmdir sem unnar eru vísitandi varða brottrekstri. Heimilt er að taka af tryggingagjaldi heimavistarbúa uppí skemmdir/illa þriffin herbergi við endanleg skil að vori. Einnig ef lykllum og eða raflyklum sé ekki skilað.
13. Sérhver vistarbúi getur kært brot á vistarreglum til skólameistara eða umsjónarmanns heimavistar. Endurtekin brot á vistarreglum geta valdið brottrekstri.
14. Hús heimavistar eru læst á virkum dögum frá kl. 24:00 til kl. 05:45. Þá skal enginn óviðkomandi vera í húsum heimavistar. Umsjónarmaður heimavistar er á vakt frá kl 20:30 til kl. 00:30. Á föstudags og laugardags kvöldum er bakvakt og útihurðir læstar. Bakvaktarsími ME er 8487588.
15. Gestir á heimavist skulu almennt virða það að vistin er heimili íbúanna. Þeir skulu hafa vikið af vistinni fyrir 23:30 á kvöldin.
16. Gestir á grunnskólaaldri þurfa leyfi umsjónarmanns heimavistar til að heimsækja heimavistarbúa. Á vetrum gilda almenn viðmið um útivistartíma barna (kl 22:00)og dvelja grunnskólanemendur ekki lengur á heimavist en sá tími segir til um.
17. Vistarbúa er því aðeins heimilt að hafa hjá sér næturgest, að sambýlingur og umsjónarmaður /skólameistari samþykki. Næturgestir skulu eigi vera yngri en á 16. aldursári og verða gestir undir lögaldri að framvísa skriflegu leyfi foreldra. Sækja þarf um gestaleyfi til umsjónarmanns /skólameistara með minnst sólarhrings fyrirvara. Gestir eru að fullu á ábyrgð gestgjafa og ber þeim að hlíta heimavistarreglum. Sama gildir um gesti frá öðrum skólum.
18. Gestaleyfi eru ekki veitt á balldögum nema með leyfi skólameistara vegna sérstakra kringumstæðna. Ballvakt á heimavist er til kl 02:00 eða klst eftir lokun ballstaða

# Reglur Heimavistar Menntaskólans á Egilsstöðum

19. Vistarbúar sem hyggjast dvelja á heimavist yfir helgi skulu skrá viðveru/brottför hjá umsjónarmanni/skólameistara á fimmtudagskvöldi.

Yfirfarið og samþykkt á heimavistarfundum ME 1.sept 2019

## Reglur um notkun öryggismyndavélakerfa Menntaskólans á Egilsstöðum

Öryggismyndavélakerfi á vegum skólans er í heimavistar- og þjónustuálmú skólans.

Sérstakt öryggismyndavélakerfi er í kennsluhúsi skólans.

**Tilgangur vöktunar með öryggismyndavélum er eignavarsla og eftirlit með húsakynnum skólans, sér í lagi þegar gæslufólk er ekki í húsakynnum.**

Eftirfarandi reglur gilda um notkun kerfanna:

- Notkun skal ávallt vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (77/2000 með áorðnum breytingum), reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga og reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun.
- Við útidyr skulu ávallt vera merkingar sem kunngjöra að húsnæðið sé vaktað með öryggismyndavélum.
- Myndefni er varðveitt í allt að 90 daga.
- Skólameistari einn hefur heimild til að skoða upptökur frá. Aðgangur að öryggismyndavélakerfi skal varinn með aðgangs- og leyniorðakerfi sem skólameistari ber ábyrgð á.
- Beiðni um leit í upptökum myndavélakerfis skal komið á framfæri við skólameistara og skal tilgreina tilefni og tímamörk umbeðinnar leitar.
- Skm skráir rafrænt hvenær eldra myndefni er skoðað, af hvaða tilefni það er gert og hver biður um það. Niðurstöður leitar skulu skráðar á sama hátt.
- Íbúum heimavistar skal gerð grein fyrir reglum þessum á fundum þeirra með skólameistara og húsfreyju við upphaf hvern annar.
- Öryggismyndavélar á herbergisgöngum heimavistar eru ekki tengdar nema fyrir liggja skriflegt samþykki allra íbúa á viðkomandi gangi.

Yfirfarið og samþykkt á heimavistarfundum ME 1.sept 2019

## Vinnureglur varðandi umgang starfsmanna ME um herbergi vistarbúa:

**„Heimavistin er heimili þeirra sem þar búa. Heimilismenn skoðast sem leigjendur að tilteknu húsnæði, réttindi þeirra og skyldur byggjast á leigusamningi og miðast við gildandi lög og reglur vistarinnar.“ (6.gr.)**

Tilefni þess að starfsfólk á vegum húsráðanda (Skólameistari, staðgengill skm, húsfreyja, gæslukennari, húsvörður, iðnaðarmenn) komi og banki upp á einstaka herbergi getur verið:

- 1) Viðgerðir og viðhald húsnæðis og húsbúnaðar. (kl. 8-18)
- 2) Lokanir á gluggum, stillingar á ofnum, slökkvun ljósa og læsing herbergja á föstudagskvöldum og við upphaf lengri leyfa. (kl. 18-20)
- 3) Vikuleg, auglýst, herbergjaskoðun vegna eftirlits með þrifum og umgengni. (Kl. 20-22)
- 4) Veikindi vistarbúa.
- 5) Dempun hávaða frá hljómflytningstækjum, tölvum og sjónvörpum.
- 6) Könnun á boðum frá reykskynjara á herbergi.
- 7) Eftirlit vegna rýmingar húsnæðis í kjölfar brunaboða eða brunaæfinga.
- 8) Rökstuddur grunur um brot á heimavistarreglum (s.s. vímuefni, tóbak, næturgesti)
- 9) Rökstuddur grunur um háttsemi sem refsiverð getur talist skv. landslögum (s.s. innbrot, líkamsárás, kynferðisbrot)

Að auki getur komið til húsrannsóknar að hálfu lögreglu en í slíkum tilvikum er leitað samþykkis viðkomandi íbúa ef ekki liggur fyrir skrifleg heimild til húsrannsóknar.

# Reglur Heimavistar Menntaskólans á Egilsstöðum

## Vinnureglur:

Í öllum tilvikum 1) - 5) skal starfsmaður á vegum skólans banka á herbergisdyr áður en inngöngu er leitað. Ef ekki er ansað/komið til dyra er starfsmanni heimilt að fara inn í herbergið ef dyr ólæstar en annars skal bankað aftur. Ef ekki er ansað í hið seinna sinn er starfsmanni heimilt að opna með lykli enda sé erindi hans það brýnt að ekki megi bíða betri tíma.

Í tilvikum 6) - 9): Bankað, viðkomandi gerir grein fyrir sér og erindi, opnar með lykli ef þarf.

Yfirfarið og samþykkt á heimavistarfundi ME 1.sept 2019